

Alþingi
Efnahags og viðskiptanefnd
Hr. Frosti Sigurjónsson formaður
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 2016

Efni: Athugasemdir vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (tryggingagjald, samsköttun milli skattþrepa o.fl.)Þingskjal 1095 — 667.

Gerðar eru athugasemdir við tvær greinar frumvarpsins er varða breytingu á tollalögum og breytingu á lögum um gjald af áfengi og tóbaki.

1. Athugasemdir við breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum sbr. 9. gr. frumvarpsins

Við 2. mgr. 104. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Óheimilt er að bjóða öðrum vörur verslunarinnar til sölu.

Isavia ohf. gerir í sjálfu sér ekki athugasemdir við það markmið sem að er stefnt með lagabreytingunni sem birtist í greinargerð með ákvæðinu, hins vegar er spurning hvort texti ákvæðisins endurspegli þetta markmið. Hugsanlega betra að orða ákvæðið þannig að það endurspegli tilganginn. Vakin er athygli á að komuverslun Friðhafnarinnar mun hætta að bjóða farþegum upp á þann kost að geta fyrirfram pantað vörur í komuversluninni frá og með 1. maí nk. óháð þessu frumvarpi. Félagið telur jafnframt að ekkert bendi til þess að þjónusta Friðhafnarinnar með fyrirfram pöntun hafi verið nýtt í neinu mæli í þágu annarra en þeirra sem eru að ferðast. Í komuversluninni hefur að panta og sækja þjónustan mest verið nýtt til að panta áfengi. Viðskipavinir eru þannig að spara sér tíma og fyrirhöfn og tryggja sér þá vöru sem þeir vilja kaupa. Hugsanlega leiðir þessi breyting til þess að a.m.k. hluti þessara viðskiptavina verslar á þeim flugvelli sem flogið er frá og færri þannig verslunina úr landi en ekki inn í landið.

Vegna breytinga á ákvæðinu veltir félagið fyrir sér hvort ekki sé um leið tilefni til að taka af allan vafa um heimild til sölu áfengis og tóbaks í komuversluninni en eins og kunnugt er þá var nokkur umræða um hvort þetta sé heimilt í fjölmiðlum fyrr á árinu. Með breytingu á 6. gr. tollalaga með lögum nr. 167/2008 var tilvísun til áfengis og tóbaks felld út úr ákvæðinu. En með frumvarpinu eins og sagði í því var verið að gera „fáeinir minni háttar breytingar á ákvæðum tollalaga“ og að þrátt fyrir ýmsar breytinga á lögnum stóð ekki til að breyta heimildum til sölu á tollfrjálstri vöru þ.m.t. áfengi og tóbaki í brottfararverslun Friðhafnarinnar eða annarra þ.m.t. flugfélaga.

Frumvarpinu frá 2006 var ekki ætlað að banna eða stöðva sölu áfengis í friðhöfninni og með því breyta áratugalangri framkvæmd. Enda hefði slík breyting ekki farið fram hjá neinum og þess hefði verið sérstaklega getið í frumvarpinu eða framsögu ráðherra. Þá leiddi þessi breyting ekki til breytingar á 2. mgr. 104. gr. laganna um að ráðherra ákveði með reglugerð hvaða vörur er heimilt að selja í tollfrjálstri verslun né breytinga á reglugerð nr. 641/2006 um vörur sem heimilt er að selja í tollfrjálsum verslunum skv. 2. mgr. 104. gr. tollalaga nr. 88/2005. Skv. 1. gr. reglugerðar nr.

641/2006 sem sett er á grundvelli 104. gr. tollalaga er kveðið á um heimild til að selja ýmsar vörur sem taldar eru upp í ákvæðinu þ.m.t. áfengi og tóbak sbr. 1. og 2. tl. greinarinnar.

Þó að félagið telji heimildir til sölu áfengis og tóbaks í komuverzluninni séu ótvíræðar, þær leiði m.a. af reglugerð 641/2006 sem hafi fullnægjandi stoð í ákvæðum annarra laga t.d. 3. og 6. gr. laga um áfengisgjald 96/1995, sem beinlínis fjalli um sölu áfengis sem falli undir ákvæði 2. mgr. 104. gr. tollalaga, nr. 88/2005. Auk þess sem 1. gr. laga nr. 52/1989 um einnota umbúðir kveður á um að þeir aðilar sem hafa fengið leyfi tollstjóra til að selja farþegum og áhöfnum millilandafara við komu til landsins vörur úr tollfrjálsri verslun, sbr. 2. mgr. 104. gr. tollalaga, nr. 88/2005, skulu leggja á og greiða gjald skv. 1. mgr. eins og um væri að ræða sölu innan lands. Þannig birtist vilji löggjafans með því að þessi sala er ráðgerð.

Þrátt fyrir þetta leggur félagið til að tekin sé af þessu allur vafi og að inn í 3. mgr. 104.gr. verði bætt *auk áfengis og tóbaks*. Þannig myndi 3. málsgreinin 104. gr. orðast svo:

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða vörur *auk áfengis og tóbaks* er heimilt að selja í tollfrjálsri verslun skv. 2. mgr.

2. Athugasemdir við breytingu á lögum um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995, með síðari breytingum sbr. 10 gr. gr. frumvarpsins.

Í frumvarpinu er lagt til að tollkvóti ferðamanna sé mældur í einingum í stað lítra eins og nú er gert.

Tollkvóti verði 6 einingar þar sem 1 eining er 0,25 l af sterku áfengi, 0,75 l af léttu og 3 l af öli.

Núverandi fyrirkomulag fært yfir í einingar

Núverandi fyrirkomulag tollkvóta ferðamanna (lítrar)					
	Samsetning 1	Samsetning 2	Samsetning 3	Samsetning 4	Samsetning 5
Sterkt áfengi	1	1	0	0	0
Léttvín	1	0	3	1,5	0
Bjór	6	9	6	9	12
Yfirfært í einingar	7,33	7	6	5	4

Tillögur skv. frumvarpinu fært yfir í lítra (fyrirkomulagið í dag).

Tollkvótar skv. frumvarpinu lítrar					
	Samsetning 1	Samsetning 2	Samsetning 3	Samsetning 4	Samsetning 5
Sterkt áfengi	1	1	0	0	0
Léttvín	0,75	0	3	1,5	0
Bjór	3	6	6	12	18

- Eins og sjá má af töflunni þá skerðist tollkvóti skv. samsetningum 1 og 2 töluvert og er óbreyttur með samsetningu 3.
- Um 80% af áfengiskaupum í Fríhöfninni eru eftir þessum þremur samsetningum.
- Í frumvarpinu er talað um að þessi breyting hafi þau áhrif að sala í komufríhöfn aukist og áfengiskaup innan lands minnki um 1-2% vegna umræddra breytinga.
- Einhver misskilningur virðist vera í þessu því magn þeirra samsetningar sem mest eru notaðar í dag við áfengiskaup skerðist eða stendur í stað.
- Nýja tillagan býður upp á mun meiri sveigjanleika í kaupum milli flokka en nú er, sem er jákvætt, en það eitt og sér mun ekki leiða til þeirrar aukningar í sölu sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.
- Til að Fríhöfnin nái þeirri söluaukningu sem nauðsynleg er til að tryggja góðan rekstur eftir mikla hækkun á áfengisgjaldi og ef panta og sækja þjónustan verður óheimil í komuverzlun væri æskilegt að það yrði einhver aukning í tollkvótanum.

Með hliðsjón af ofansögðu er lögð er til sú breyting að 1 eining af sterku áfengi verði 0,5 l í stað 0,25 l. (og jafnvel að hámarks kaup á sterku áfengi verði 1 líter, þannig að ekki sé hægt að ráðstafa öllum kvótanum í sterkt áfengi)

- Skv. frumvarpinu er búið að ráðstafa 67% tollkvótanum við kaup á 1 lítra af sterku áfengi.
- 1 eining af sterku sem 0,25 l er magneining sem ekki er til sölu og því er ekki mögulegt að velja að ráðstafa aðeins 1 einingu í sterkt áfengi. Það er líklegt til að valda misskilningi og óánægju viðskiptavina.
- Vænta má að skerðingin á samsetningu 1 og 2 komi fyrst og fremst niður á kaupum á bjór
- 75% af þeim bjór sem Fríhöfnin selur er frá íslenskum framleiðendum og mun soluminnkun hafa mikil áhrif á starfsemi þeirra (sérstaklega á smærri brugghús).
- Með þeirri breytingu að 1 eining af sterku verði 0,5 l verða aðeins breytingar á tveimur fyrstu tollkvótasamsetningunum með hliðsjón af tillögu frumvarpsins samanborið við núverandi fyrirkomulag.

Tollkvótar skv. breytingartillögu lítrar (einingar)					
	Samsetning 1	Samsetning 2	Samsetning 3	Samsetning 4	Samsetning 5
Sterkt áfengi	1 (2)	1 (2)	0	0	0
Léttvín	0,75 (1)	0	3 (4)	1,5 (2)	0
Bjór	9 (3)	12 (4)	6 (2)	12 (4)	18 (6)

- Þá er bent á að það er mismunandi hvar gosblöndur og síderar eru flokkaðir í dag. Sumt með sterku áfengi (ef áfengið í drykknum er t.d. sterkt) en annað með léttvíni, ef þeir eru blandaðir með víni. Því er lagt til að áfengar gosblöndur og síderar verði flokkaðir með bjór þar sem áfengismagnið er það sama.
- Mikil eftirspurn er eftir þessum drykkjum en Fríhöfnin hefur ekki geta selt þá þar sem tollkvótinn leyfir aðeins kaup á 3 lítrum skv. núverandi reglum eða 1 l ef sterkt.



Meðfylgjandi er fylgiskjal I. sem sýnir breytingatillög félagsins á 9. og 10 .gr. frumvarpsins.

Óskað er eftir að fulltrúar Isavia og Frihafnarinnar fái að koma á fund nefndarinnar til að gera betur grein fyrir sjónarmiðum félaganna.

Virðingarfyllst,
Fh. Isavia ohf.

Karl Alvarsson

Afrit: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Tillaga að breytingum á 9. og 10. gr. frumvarps um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (tryggingagjald, samsköttun milli skattþrepa o.fl.) skv. þingskjali 1095 — 667. mál.

VI. KAFLI
**Breyting á tollalögum, nr. 88/2005,
með síðari breytingum.**

9. gr.

Við 2. mgr. 104. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Óheimilt er að bjóða öðrum vörur verslunarinnar til sölu.

Við 3. mgr. 104. gr. laganna á eftir orðinu vörur bætast orðin *auk áfengis og tóbaks*.

VII. KAFLI
**Breyting á lögum um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995,
með síðari breytingum.**

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. 5. tölul. 1. mgr. orðast svo: Af samtals 6 einingum af sterku áfengi, léttvíni og/eða öli/síder og gosblöndur með hámark 6% áfengismagn sem ferðamenn hafa meðferðis til landsins. *Alls má ráðstafa að hámarki 2 einingum í sterkt áfengi.*
- b. 6. tölul. 1. mgr. orðast svo: Af samtals 11 einingum af sterku áfengi, léttvíni og/eða öli/síder og gosblöndur með hámark 6% áfengismagn sem skipverjar á íslenskum skipum eða skipum í leigu íslenskra aðila hafa meðferðis eftir að hafa verið 15 daga eða lengur í ferð. *Alls má ráðstafa að hámarki 3 einingum í sterkt áfengi.* Af samtals 6 einingum af sterku áfengi, léttvíni og/eða öli/síder og gosblöndur með hámark 6% áfengismagn hafi ferð varað skemur en 15 daga. *Alls má ráðstafa að hámarki 1 einingu í sterkt áfengi.* Skipstjóra, yfirstýrimanni, yfirvélstjóra og bryta, svo og matsveinum á farþega- og vöruflutningaskipum, er jafnframt heimilt að taka gjaldfrjálst aukalega til risnu um borð jafnstóran skammt og þeir mega hafa gjaldfrjálst samkvæmt þessum lið.
- c. 7. tölul. 1. mgr. orðast svo: Af samtals 5 einingum af sterku áfengi, léttvíni og/eða öli/síder og gosblöndur með hámark 6% áfengismagn sem flugverjar, þ.m.t. flugverjar í aukaáhöfn, hafa meðferðis, eftir að hafa verið 15 daga eða lengur í ferð. *Alls má ráðstafa að hámarki 2 einingum í sterkt áfengi.* Af samtals 3 einingum af sterku áfengi, léttvíni og/eða öli/síder og gosblöndur með hámark 6% áfengismagn hafi ferð varað skemur en 15 daga. *Alls má ráðstafa að hámarki 1 einingu í sterkt áfengi.*
- d. 2. mgr. orðast svo:
Með einingu skv. 5.–7. tölul. 1. mgr. er átt við:
 1. Hverja 0,255 lítra af sterku áfengi, þ.e. áfengi sem í er meira en 21% af vínanda af rúmmáli.
 2. Hverja 0,75 lítra af léttvíni, þ.e. áfengi annað en öl sem í er 21% eða minna af vínanda að rúmmáli.
 3. Hverja 3 lítra af öli/síder og gosblöndur með hámark 6% áfengismagn.